

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um flutning á hættulegum farmi,
nr. 984 27. desember 2000.

1. gr.

Í stað orðanna „og nr. 1999/47“ í 1. mgr. 2. gr. komi: nr. 1999/47, nr. 2000/61 og nr. 2001/7.

2. gr

1. mgr. 23. gr. breytist þannig:

- a. Í stað orðanna „og nr. 1999/47/EB“ komi: nr. 1999/47/EB, nr. 2000/61/EB og 2001/7/EB.
- b. Í stað orðanna „og ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 176/99 frá 17. desember 1999“ komi: 14. hefti 2001, bls. 6-63, ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 49/2001 frá 30. mars 2001, sbr. EES-viðbæti við Stjórnartíðindi EB, 30. hefti 2001, bls. 23 og ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 74/2001 frá 19. júní 2001, sbr. EES-viðbæti við Stjórnartíðindi EB, 44. hefti 2001, bls. 18.

3. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt 2. mgr. 50. gr., 1. mgr. 60. gr. og 5. mgr. 73. gr. umferðarlaga, nr. 50 30. mars 1987, sbr. lög nr. 44 7. maí 1993, öðlast þegar gildi.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 12. október 2001.

F. h. r.

Björn Friðfinnsson.

Ólafur W. Stefánsson.

AUGLÝSING

um deiliskipulag stofnanareits vegna Stillholts 2, Akranesi.

Á fundi bæjarráðs Akraness, fyrir hönd bæjarstjórnar Akraness (sem var í sumarleyfi) þann 22. ágúst 2001 var m.a. samþykkt breyting á deiliskipulagi stofnanareits á Akranesi. Tillagan nær til deiliskipulagsreits, stofnanareits, sem afmarkast af lóðinni Stillholt 2.

Auglýst hefur verið eftir athugasemdum skv. 2. mgr. 26. gr. skipulagslags- og byggingarlaga nr. 73/1997 frá og með föstudeginum 6. júlí til og með föstudagsins 3. ágúst 2001. Athugasemdafrestur var til föstudagsins 17. ágúst 2001. Engar athugasemdir bárust.

Framangreint deiliskipulag stofnanareits, Akranesi, tekur þegar gildi.

Akranesi, 12. október 2001.

Magnús Þórðarson, byggingar- og skipulagsfulltrúi.